



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Leiðbeinandi tilmæli

nr. 5/2015

um stjórnarhætti váttryggingafélaga

Gefin út samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

8. júní 2015

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Gildissvið.....	4
2. Almenn.....	4
3. Stjórn, stjórnendur og ábyrgðarmenn lykilstarfssviða.....	5
4. Hlutverk og skyldur stjórnar.....	6
5. Stjórnarfundir	6
6. Undirnefndir stjórnar.....	7
7. Innra eftirlit	7
8. Stefnur	8
9. Viðbragðsáætlanir	8

Inngangur

Almennt

Fjármálaeftirlitið gefur út leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti váttryggingafélaga með vísan til 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Tilmælin eru sett til leiðbeiningar og nánari skýringar fyrir váttryggingafélög varðandi þær lágmarkskröfur sem váttryggingafélag skal uppfylla í þeim tilgangi að stuðla að góðum og skilvirkum stjórnarháttum. Ekki er þó um tæmandi skýringar að ræða.

Tilmælin byggja á undirbúningstilmælum frá EIOPA um heildstætt kerfi stjórnarháttá (e. Guidelines on System of Governance) (EIOPA-CP-13/08).¹ Tilmæli EIOPA eru hluti af nokkrum tilmælum sem sett voru í þeim tilgangi að virkja eftirlitsstjórnvöld og váttryggingafélög í undirbúningi Solvency II og eru svokölluð undirbúningstilmæli (e. preparatory guidelines). Markmið þessara tilmæla Fjármálaeftirlitsins er því meðal annars að stuðla að viðeigandi undirbúningi váttryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II.²

Solvency II felur í sér heildarendurskoðun á reglum um gjaldþol váttryggingafélaga á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og tekur gildi 1. janúar 2016. Markmið slíkrar endurskoðunar er að samræma lagaumhverfi, bæta neytendavernd og tryggja fjárhagslegan stöðugleika á váttryggingarmarkaði.

Í Solvency II eru skilgreind fjögur lykilstarfssvið váttryggingafélaga sem falla undir stjórnarhætti; áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvarsla og er fjallað um þau sérstaklega í öðrum leiðbeinandi tilmælum.

Stjórnarhættir

Váttryggingafélögum ber að viðhalda góðum og skilvirkum stjórnarháttum sem felur í sér að félaginu sé stjórnað með skynsamlegum hætti. Stjórnarhættir kveða á um hvernig innra skipulag félags stuðlar að virkri og heilbrigðri stjórnun með skýrum verklausreglum og ferlum fyrir ákvörðunartöku og að dregið sé úr hættu á hagsmunaaárekstrum.

Skilvirkt kerfi stjórnarháttá váttryggingafélags skal að lágmarki fela í sér skilgreiningu á hlutverki og ábyrgð, verkaskiptingu og miðlun upplýsinga.

Stjórnarhættir snúa að samskiptum, hlutverkum og ábyrgð stjórnenda, stjórna, hluthafa og annarra hagsmunaaðila og hvernig þessir aðilar vinna sameiginlega að því að ná fram markmiðum félagsins.

¹ Einnig var höfð hliðsjón af drögum að uppfærðum undirbúningstilmælum EIOPA um heildstætt kerfi stjórnarháttá, sem munu verða gefnar út sem viðmiðunarreglur (e. guidelines) og munu fylgja gildistöku Solvency II, sjá á heimasíðu EIOPA: <https://eiopa.europa.eu/regulation-supervision/guidelines>.

² Tilskipun 2009/138/EC, með síðari breytingum (Solvency II).

Leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti váttryggingafélaga

1. Gildissvið og grundvöllur

- 1.1. Tilmælin eiga við um þau váttryggingafélög sem falla munu undir gildissvið Solvency II.
- 1.2. Við innleiðingu þessara tilmæla skal taka tillit til hlutfallsreglu (e. proportionality), þ.e. stærðar hvers váttryggingafélags, eðlis og umfangs. Í tilmælunum er lögð áhersla á ábyrgð og skyldur stjórnar og framkvæmdastjóra váttryggingafélaga.
- 1.3. Váttryggingafélögum ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. Í því skyni skal váttryggingafélag m.a. birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og á vefsíðu félagsins.

2. Almennt

- 2.1. Skipurit og innra skipulag váttryggingafélags skal vera með þeim hætti að það styðji á hverjum tíma við stefnu, markmið og rekstur félagsins.
- 2.2. Aðlaga þarf skipurit og innra skipulag að breytingum sem kunna að verða á stefnu, starfsemi eða rekstrarumhverfi félagsins innan viðeigandi tíma.
- 2.3. Lykilstarfssvið váttryggingafélags eru áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfssvið tryggingastærðfræðings. Lykilstarfssvið geta verið sérstakar deildir váttryggingafélags eða sinnt af einstaklingi.
- 2.4. Váttryggingafélag skal setja sér skriflega stefnu um áhættustýringu, innra eftirlit, innri endurskoðun og ef við á, útvistun. Stefnan skal samþykkt af stjórn og yfirfarin þegar tilefni er til en eigi sjaldnar en árlega.
- 2.5. Váttryggingafélag skal gera eðlilegar ráðstafanir og nýta viðeigandi úrræði, þar með talið viðbragðsáætlun, til að tryggja samfellu og hlífingu við lög og reglur í starfseminni.
- 2.6. Stjórnarhættir eru fyrst og fremst á ábyrgð stjórnar váttryggingafélags. Stjórnendur gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja skilvirka stjórnarhætti og eru ábyrgir fyrir að hafa eftirlit með því að félagið starfi í samræmi við stefnu stjórnar.
- 2.7. Stjórn ber jafnframt ábyrgð á að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að gagnsæi og nægjanlegum og viðeigandi aðskilnaði starfa til að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum. Æskilegt er að stjórn váttryggingafélags setji sér stefnu um hagsmunaárekstra.
- 2.8. Stefnu um stjórnarhætti váttryggingafélags og framkvæmd þeirra ætti að setja fram með skýrum hætti og miðla til allra starfsmanna innan félagsins.
- 2.9. Váttryggingafélag ætti að tryggja að hlutverkum og ábyrgð sé úthlutað til starfsmanna í samræmi við stefnur félagsins. Þá ætti váttryggingafélag að tryggja að mikilvæg hlutverk og ábyrgð séu skilgreind og skjalfest í starfslýsingu og að hún endurspegli aðskilnað starfa með þeim hætti að tryggt sé að óþarfa skörun eigi sér ekki stað.
- 2.10. Váttryggingafélag skal tryggja að stjórnendur og aðrir sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum uppfylli hæfisskilyrði. Þá skal tekið mið af þeim skyldum sem úthlutað er til þeirra og tryggja fjölbreytni í hæfni, þekkingu og viðeigandi reynslu svo félaginu sé stjórnað með faglegum hætti.
- 2.11. Stjórn skal gæta þess að mikilvægar ákvarðanir séu skjalfestar á viðeigandi hátt í fundargerð og ef við á með hvaða hætti tekið var tillit til upplýsinga frá áhættustýringu við ákvarðanatöku.

2.12. Þegar teknar hafa verið mikilsháttar ákvarðanir í rekstri váttryggingafélags ætti að tryggja aðkomu að minnsta kosti tveggja aðila áður en þær koma til framkvæmda.

3. Stjórn, stjórnendur og ábyrgðarmenn lykilstarfssviða

3.1. Stjórn, framkvæmdastjóri og aðrir sem bera ábyrgð á lykilstarfssviðum félagsins skulu uppfylla eftirfarandi hæfisskilyrði:

- Að menntun, þekking og reynsla þeirra sé fullnægjandi til að þeir geti sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt
- Að viðkomandi hafi gott orðspor. Þeir mega ekki hafa sýnt af sér háttsemi í fyrri störfum sínum sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þeirra til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði félagið.

3.2. Váttryggingafélag skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um breytingar á skipan stjórnar, framkvæmdastjóra og þeirra sem ábyrgð bera á lykilstarfssviðum félagsins.

3.3. Ef stjórnarmaður, framkvæmdastjóri eða sá sem ábyrgð ber á lykilstarfssviði váttryggingafélags lætur af störfum vegna þess að viðkomandi uppfyllir ekki hæfisskilyrði skal þess sérstaklega getið í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

3.4. Æskilegt er að samsetning stjórnar váttryggingafélags sé með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi váttryggingafélag stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Sameiginleg þekking stjórnar ætti þannig að ná til a.m.k. eftirfarandi þátta:

- váttrygginga- og fjármálamarkaðar
- viðskiptalíkans og viðskiptaáætlunar
- stjórnarháttar
- fjárhagslegrar og tryggingafræðilegrar greiningar
- laga, reglna og tilmæla

3.5. Meirihluti stjórnarmanna skal ávallt vera óháður félaginu, félögum innan sömu félagasamstæðu og stjórnendum þess. Stjórn metur sjálf hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og stórum hluthöfum þess, nema tilnefningarnefnd hafi verið falið það hlutverk. Stjórn félagsins skal jafnframt meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund félagsins og gera niðurstöðu sína aðgengilega hluthöfum.

3.6. Stjórnarmenn í váttryggingafélagi mega ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða félags í nánnum tengslum við það né vera starfsmenn, endurskoðendur eða tryggingastærðfræðingar annars eftirlitsskylds aðila eða tengdra félaga. Þrátt fyrir framangreint getur stjórnarmaður eða starfsmaður váttryggingafélags tekið sæti í stjórn annars váttryggingafélags eða fjármálafyrirtækis eða fjármálasamsteypu ef um er að ræða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu váttryggingafélagsins eða félag sem er að hluta eða öllu leyti í eigu félags með yfirráð í váttryggingafélaginu. Stjórnarseta skal háð því að hún skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði að mati Fjármálaeftirlitsins. Í þessu sambandi skal m.a. horft til eignarhalds aðila og tengsla félagsins sem um ræðir við aðra aðila á fjármálamarkaði, svo og hvort tengslin geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur váttryggingafélagsins.

3.7. Stjórn váttryggingafélags skal kjósa sér formann, nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Stjórnarformanni er óheimilt að taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns, að undanskildum einstökum verkefnum sem félagsstjórnin felur honum að vinna fyrir sig.

- 3.8. Stjórn skal tryggja að öll lykilstarfssvið, þ.e. áhættustýring, innri endurskoðun, regluvarsla og starfssvið tryggingastærðfræðings, séu óháð viðskiptaæiningum og hafi fullnægjandi úrræði og heimildir til að sinna þeim störfum sem þeim er ætlað.

4. Hlutverk og skyldur stjórnar

- 4.1. Stjórn skal tryggja að nægilegt eftirlit sé haft með því að starfsemi félagsins fari að lögum, reglum og samþykktum, þar á meðal varðandi eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins.
- 4.2. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnumótun félagsins sem og áhættustefnu og að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits. Í því felst að stjórn ber meðal annars ábyrgð á; viðskiptaáætlun, starfskjarastefnu áhættustýringaferlum og áhættustefnu.
- 4.3. Í starfsreglum stjórnar skal kveðið á um verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra. Stjórn skal hafa skilvirkt eftirlit með að stjórnendur félagsins starfi eftir lögum og reglum.
- 4.4. Stjórn skal samþykkja stefnu, áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og tryggja að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir með reglubundnum hætti. Stjórn skal við störf sín verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi félagsins.
- 4.5. Stjórn skal tryggja að nægjanlegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan félagsins sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti. Einnig skal stjórn, eftir atvikum, hafa eftirlit með mati á eignum félagsins, notkun innri líkana og notkun lánshæfismats frá matsfyrirtækjum.
- 4.6. Stjórn skal hafa skilvirkt eftirlit og tryggja að hún fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf undirnefnda, stjórnenda og ábyrgðaraðila lykilstarfssviða. Þetta felur í sér að stjórn geti með skilvirkum hætti metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku undirnefnda, stjórnenda og lykilstarfsmanna félagsins.
- 4.7. Eigi sjaldnar en árlega ættu undirnefndir að gefa stjórn félagsins skýrslu um störf sín. Stjórn ætti að setja fram viðmið um framsetningu upplýsinga.
- 4.8. Stjórn váttryggingafélags ákveður umfang og tíðni innri úttekta á stjórnarháttum félagsins með tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfseminnar.
- 4.9. Stjórnendur skulu tryggja að umfang, niðurstöður og ályktanir úttekta séu skráðar og skjalfestar með viðeigandi hætti og kynntar stjórn. Nauðsynlegt er að tryggja skráningu og innleiðingu á úrbótum og að þeim sé fylgt eftir með viðunandi hætti.
- 4.10. Stjórn skal tryggja að hún fái tímanlega nákvæmar og nægilega ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins frá lykilstarfssviðum.
- 4.11. Stjórn og framkvæmdastjóri skulu án tafar gera Fjármálaeftirlitinu viðvart hafi þeir vitneskju um málefni sem gætu haft áhrif á áframhaldandi starfsemi félagsins.
- 4.12. Stjórn skal endurmeta stjórnarhætti sína reglulega.

5. Stjórnarfundir

- 5.1. Stjórn váttryggingafélags skal funda nægilega oft til að uppfylla skyldur sínar á fullnægjandi hátt. Með hliðsjón af framangreindu skal taka tillit til eðlis, stærðar og flækjustigs rekstursins. Æskilegt er þó að stjórn váttryggingafélags fundi að minnsta kosti fjórum sinnum á ári og að lágmarki einu sinni yfir sex mánaða tímabil.
- 5.2. Stjórn skal fá upplýsingar og gögn tímanlega fyrir stjórnarfundir og á milli þeirra. Æskilegt er að dagskrá fundar, ásamt fundargerð síðasta stjórnarfundar, sé dreift tímanlega til stjórnarmanna. Þá er æskilegt að skýr og greinargóð gögn fylgi

fundardagskrá um þau atriði sem eru til ákvörðunar. Tryggt skal að allir stjórnarmenn hafi aðgang að sömu upplýsingum.

- 5.3. Stjórn ber ábyrgð á fundargerð, þar sem fram koma umræður og ákvarðanir og hvort niðurstaða hafi fengist í hvern dagskrárlið. Sératkvæði og andmæli skulu bókuð í fundargerð. Þá skal stjórn samþykkja fundargerð á næsta stjórnarfundum á eftir. Í fundargerð skal einnig skrá hvaða stjórnarmenn voru viðstaddir fundinn og hverjir voru fjarstaddir.

6. Undirnefndir stjórnar

- 6.1. Stjórn váttryggingafélags skal koma á viðeigandi skipulagi undirnefnda til að tryggja að stjórnin hafi nauðsynlega yfirsýn yfir lykilstarfssvið og áhættur. Dæmi um nefndir eru endurskoðunarnefnd, áhættunefnd, lánanefnd, stefnumótunarnefnd, starfskjaranefnd, fjárfestinganefnd, stjórnarháttanefnd.
- 6.2. Undirnefndir stjórnar gegna ekki hlutverki staðgengla og þær draga ekki úr ábyrgð stjórnar á viðkomandi þætti.
- 6.3. Það er mikilvægt að til staðar sé skráð vinnulag um samskipti stjórnar og undirnefnda til að tryggja utanumhald og eftirlit með þeim verkefnum sem undirnefndum eru falin.

7. Innra eftirlit

- 7.1. Stjórn váttryggingafélags ber ábyrgð á að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits sem tryggir að félaginu sé stjórnað á traustan og skynsamlegan hátt.
- 7.2. Stjórn váttryggingafélags ber ábyrgð á að virkt kerfi innra eftirlits sé í samræmi við stærð, eðli og umfang reksturs félagsins og að það tryggi viðeigandi yfirsýn yfir þá starfsemi sem félagið stundar.
- 7.3. Virkt kerfi innra eftirlits samanstendur meðal annars af stefnum, verklagsreglum, skýrslum og gagnsærri upplýsingagjöf sem gerir váttryggingafélagi kleift að greina, mæla og meta áhættu í rekstri félagsins.
- 7.4. Stjórn skal stuðla að mikilvægi þess að viðhalda virku kerfi innra eftirlits með því að tryggja að starfsmenn félagsins þekki sitt hlutverk innan eftirlitsumhverfisins og til hvers er ætlast af þeim.
- 7.5. Stjórn og stjórnendur váttryggingafélags skulu þróa eftirlitsaðgerðir í samræmi við þær áhættur sem steðja að félaginu vegna þeirra verkefna og ferla sem innra eftirlit snýr að. Mikilvægt er að innra eftirlit sé innleitt þvert á samstæðu váttryggingafélags. Við hönnun og innleiðingu á innra eftirliti ætti váttryggingafélag að hafa til hliðsjónar alþjóðlegar leiðbeiningar um innra eftirlit.³
- 7.6. Stjórn og stjórnendur váttryggingafélags ættu að koma á verklagi sem tryggir að eftirlit og skýrslugjöf um virkni innra eftirlits veiti stjórnendum og stjórn fullnægjandi, tímanlegar og viðeigandi upplýsingar sem notaðar eru í ákvarðanatökum félagsins. Mikilvægt er að verklagið sé skjalfest.
- 7.7. Stjórn váttryggingafélags þarf að ákvarða umfang og tíðni úttekta á virkni innra eftirlits félagsins, þar sem tekið er tillit til eðlis, umfangs og flækjustigs rekstursins, bæði á félaga- og samstæðugrundvelli.

Úttektir á virkni innra eftirlits geta farið fram með eftirfarandi hætti:

³ Dæmi um alþjóðlegar leiðbeiningar eru COSO og CoCo.

- Vátryggingafélag getur innbyggt slíkt eftirlit í ferla innra eftirlits þar sem viðvarandi endurmat fer fram.
- Vátryggingafélag getur fengið innri endurskoðanda eða annan óháðan aðila til að framkvæma sértæka úttekt á innra eftirliti
- Vátryggingafélag getur framkvæmt úttektir á innra eftirliti með blöndu af viðvarandi eftirliti og sértækum úttektum

7.8. Vátryggingafélag ætti að tryggja að umfang og niðurstöður úttekta séu skrásettar og kynntar stjórnendum og stjórn á fullnægjandi og tímanlegan hátt. Mikilvægt er að ferlið sé endurtekið til að tryggja að eftirfylgni sé veitt og niðurstöður skráðar.

8. Stefnur

8.1. Gæta skal að því að samræmi sé á milli allra stefna félagsins er varða innra eftirlit og að þær séu í samræmi við stefnu félagsins. Í hverri stefnu ætti að lágmarki að tilgreina:

- markmið
- ábyrgð og hlutverk
- helstu verkefni og ábyrgðaraðila
- aðferðir og skýrslugerð
- upplýsingaskyldu viðkomandi einingar til áhættustýringar, innri endurskoðunar, regluvörslu og tryggingastærðfræðings

8.2. Í stefnum er varða lykilstarfssvið skal koma fram staða viðkomandi starfssviða í skipuriti, ábyrgð þeirra, hlutverk og heimildir.

8.3. Lykilstarfssvið ber ábyrgð á innleiðingu viðkomandi stefnu.

9. Þolmörk og viðbragðsáætlanir

9.1. Vátryggingafélag skal skilgreina í viðbragðsáætlun þá þætti í starfseminni sem er talin stafa áhætta af. Viðbragðsáætlanir skal endurskoða, uppfæra og prófa reglulega.

9.2. Stjórn vátryggingafélags þarf að skilja þær áhættur sem snúa að rekstri félagsins og setja fram stefnu, þar sem þolmörk fyrir hvern áhættuþátt eru ákvörðuð og skjalfest. Æskilegt er að stjórn vátryggingafélags endurskoði þolmörk félagsins þegar tilefni er til en að lágmarki árlega.

9.3. Skilgreining stjórnarinnar á þolmörkum ætti að vera ítarleg og skýr. Skilgreiningin ætti að skýra á greinargóðan hátt þolmörkin og áhættuvilja stjórnar auk þess sem hún ætti að fjalla sérstaklega um áhættutöku til stutts, meðallangs og langs tíma (e. short, medium, long term).

9.4. Stjórn vátryggingafélags skal tryggja að áhættustýring og innra eftirlit endurspegli áhættuvilja og áhættumörk félagsins. Þá ættu viðeigandi ráðstafanir að vera til staðar til að tryggja að stjórn félagsins fái reglulega upplýsingar um fylgni við áhættustefnuna.

9.5. Þolmörkin ættu að vera skjalfest og skráð með reiknanlegum mælikvörðum svo unnt sé að mæla og fylgjast með fylgni við þolmörkin. Dæmi um slíka mælikvarða eru VaR, skuldahlutfall, þolmörk fyrir vanskilum, ásættanlegt tap út frá álagsprófum, markmið um gjaldþolshlutfall o.fl.

9.6. Ef um umtalsverð frávik frá skilgreindum þolmörkum er að ræða, ber stjórnendum vátryggingafélags að senda skriflega upplýsingar um frávikið auk upplýsinga um viðbrögð félagsins vegna fráviksins til Fjármálaeftirlitsins, við fyrsta tækifæri.

- 9.7. Stjórn skal tryggja að viðbúnaðaráætlun sé til staðar, þar sem þeir áhættuþættir sem hún hefur skilgreint þolmörk fyrir koma fram. Viðbúnaðaráætlunin ætti m.a. að byggja á:
- þeim áhættuþáttum sem stjórn telur félagið vera sérstaklega viðkvæmt fyrir,
 - áhættuvilja og áhættuþoli félagsins og
 - áhættustýringarkerfi félagsins
- 9.8. Viðbúnaðaráætlunin ætti að vera endurskoðuð, uppfærð og prófuð reglulega, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári.

Fjármálaeftirlitinu, 3. júní 2015

Jón Þór Sturluson

Halldóra E. Ólafsdóttir